

REGLUGERÐ

um veiðisvæði við úthafsrækjuveiðar.

1.gr.

Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.

Fyrir Norðurlandi, á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi norður frá Horni og Rauðanúp eru úthafsrækjuveiðar bannaðar öllum skipum, stærri en 200 brúttórumlestir, sunnan 66°40'N á tímabilinu frá og með 15. maí til og með 31. október.

Fyrir Vesturlandi sunnan línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Bjargtöngum, eru rækjuveiðar aðeins heimilar skipum, sem gerð eru út og skráð eru frá Vesturlandi og Suðurlandi. Tekur heimild þessi til skipa, sem skráð eru og gerð út frá verstöðvum sunnan línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum að línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða. Skipum er frysta eigin afla er þó óheimilt að stunda veiðar á þessu svæði.

2.gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 19. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Getur ráðuneytið m.a. svipt skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna brota á ákvæðum þessarar reglugerðar.

3.gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.